

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýtingu forkaupsréttar að hlutabréfum í Arion banka – þingskjal 47 - mál nr. 47**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Bankasýslu ríkisins við framangreinda þingsályktun þar sem lagt er til að fela fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins að nýta forkaupsrétt ríkisins að hlutabréfum í Arion banka vegna sölu Kaupþings á tæplega 30% hlut í bankanum í mars 2017.

Samkvæmt lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og lögum nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta íslenska ríkisins í fjármálafyrirtækjum hefur stofnunin umsýslu með eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. á 13% hlut ríkissjóðs í Arion banka.

Áðurnefndur forkaupsréttur íslenska ríkisins er tilkominn vegna samkomulags þess og Kaupþings um stöðugleikaframlag. Eftirlit með framkvæmd samkomulagsins er ekki á forræði Bankasýslu ríkisins og er stofnunin af þeim sökum ekki í aðstöðu til að taka efnislega afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,



Jón G. Jónsson  
Forstjóri